

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 24. október 1967****um breytingu á tilskipun ráðsins um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli****(67/653/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Aðildarríkjum er heimilt, fram til 31. desember 1966, að viðhalda gildandi reglum um litarefni samkvæmt 1. mgr. 2. gr. tilskipunar frá 23. október 1962 ⁽³⁾ um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli og skráð eru í viðauka II við þá tilskipun, með áorðnum breytingum samkvæmt 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins frá 25. október 1965 ⁽⁴⁾.

Heimilt er að nota tiltekin litarefni sem skráð eru í viðauka II við tilskipunina frá 23. október 1962, það er erytrósín og súrskærgrænt BS, en þau eru almennt notuð í nokkrum aðildarríkjanna til litunar matvæla án þess það ógni heilsu manna eins og sýnt hefur verið fram á með vísindarannsóknnum. Notkun þeirra er nauðsynleg af hagkvæmnisástæðum.

Ef leyfa á notkun þessara litarefna verður að gera ákveðnar kröfur um hreinleika þeirra sem uppfylla verður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyta skal tilskipun ráðsins frá 23. október 1962 þannig:

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 63, 3. 4. 1967, bls. 966/67.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. 64, 5. 4. 1967, bls. 1008/67.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. 115, 11. 11. 1962, bls. 2645/62.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. 178, 26. 10. 1965, bls. 2793/65.

1. Eftirfarandi bætist við 1. hluta í viðauka I:

— Á eftir E 126:

„E 127	Eryþrósín	887	(773) 45 430	93	dínatríum- eða díkalíumsalt 2, 4, 5, 7-tetrajoðflúrseins
--------	-----------	-----	-----------------	----	---

– Á eftir E 141:

„E 142	Súrskær- grænt BS (lissamíngænt)	836	(737) 44 090	86	Natríumsalt 4,4-dí- (dímetýlamínó) dífenýl- metýlen-2-naftól-3,6- dí-súlfonsýra“
--------	--	-----	-----------------	----	---

Fella skal brott einstök atriði um eryþrósín og súrskærgrænt BS úr I. hluta í viðauka II.

2. Eftirfarandi bætist við viðauka III:

— Á eftir E 126:

„E 127 Eryþrósín

Efni torleyst í vatni:

Ekki yfir 0,2 %

*Jarðefnajoðið:*Ekki yfir 1000 mg/kg
(metið sem natríumjoðið)*Fylgilitunarefni:*

Ekki yfir 3 %

Flúorsín:

Ekki merkjanlegt.“

— Á eftir E 141:

„E 142 Súrskærgrænt BS

Efni torleyst í vatni:

Ekki yfir 0,2 %

Fylgilitunarefni:

Ekki yfir 1 %.“

2. gr.

Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1968 og tilkynni það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 24. október 1967.

Fyrir hönd ráðsins,

K. SCHILLER

forseti.